# ÁSBRAUT - DEILISKIPULAG

One 23111613

# DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR

## Skipulagsgreinargerð

### Skipulagssvæðið
Deiliskipulag þetta nær til Ásbrautar og hluta Hábrautar á Kársnesi, Kópavogi. Svæðið er 2,6 ha að stærð og afmarkast af suður, norður og austur lóðamörkum Ásbrautar 3-21. Í vestur nær svæðið að lóðarmörkum vestan Ásbrautar, fylgir lóðarmörkum norðan útisvistarsvæðis að lóðarmörkum leikskóla við Hábraut og suður fyrir gatnamót Hábrautar og Ásbrautar. Bæjarland milli lóðarmarka Hábrautar 1a og 3 er innan skipulagssvæðisins. Landnotkun á svæðinu er íbúðarbyggð og opið svæði nefnt OP-1.11 í Aðalskipulagi Kópavogs. Deiliskipulagssvæðið er fullbyggt.

### Tilgangur og markmið
Megin markmið skipulagsins eru endurbætur á Ásbraut til að koma fyrir hjólastíg, gangstéttum beggja vegna götunnar og að bæta umferðaröryggi með breyttum innkeyrslum á lóðir Ásbrautar 3-21 og Hábrautar 1-3. Hjólastígurinn er hluti af hjólastígkerfi svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins, stígurinn er sýndur í aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 og er hluti af hjóla- og göngustígaverkefnum samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins. Hjólastígur meðfram Ásbraut er hluti af stofnleið hjólreiða á höfuðborgarsvæðinu sem liggur frá Hafnarfirði í gegnum Garðabæ og Kópavog til Reykjavíkur. Hjólastígurinn er hluti af samfelldu stígakerfi um Kársnes og tengist innviðauppbyggingu Borgarlínu í Hamraborg. Ný gangstétt austan Ásbrautar er hluti skipulagsins. Þar eru innkeyrslur einnig sameinaðar og þeim fækkað. Einnig festir deiliskipulagið núverandi byggðamynstur og almenningsrými í sessi sem fullbyggt svæði.

### Núverandi staða
Austan Ásbrautar standa fimm fjögurra til fimm hæða fjölbýlishús byggð á sjöunda áratug tuttugustu aldar. Tíu innkeyrslur eru að húsunum fimm. Spennistöð er milli Ásbrautar 9 og 11. Við hana eru 13 bílastæði á bæjarlandi. Eingöngu er gangstétt vestan við Ásbraut. Engin tenging er fyrir gangandi vegfarendur til eða frá fjölbýlishúsunum við Ásbraut öðruvísi en um götur og bílastæði. Á Ásbraut eru yfirborðsmerkingar fyrir hjólreiðar (máluð hjólrein í suður, hjólavísar í norður). Vestan Ásbrautar, syðst á skipulagssvæðinu er útivistarsvæði, með gervigrasvelli, körfuknattleiksvelli og leiksvæði.

### Nýtingarhlutfall
Fimm fjölbýlishúsalóðir eru á deiliskipulagssvæðinu, frá 3.188 m² til 3.721 m². Nýtingarhlutfall lóða samkvæmt staðli ÍST50:1998 er frá 0,51 til 0,70. Sjötta lóðin er 39 m² spennistöðvarlóð. Skilmálatafla greinir nánar frá hverri lóð fyrir sig. Breytingar á nýtingarhlutfalli verða einungis vegna lóðabreytinga og heimilda til gerðar bílskúra.

### Helstu breytingar
Einstefnu hjólastígar verða gerðir sitt hvoru megin við Ásbraut, um 2 m breiður vestan megin (upp brekku) og um 1,8 m austan megin (í norður, niður brekku). Auðvelt ætti að vera fyrir hjólreiðafólk á norðurleið sem taka vill fram úr hægfara hjólreiðamönnun að ná akstursraða götunnar og nýta akrein hennar til að taka fram úr. Lágur kantur aðskilur götuna og hjólastígana. 1 m breið gangstétt verður gerð austan megin Ásbrautar. Innkeyrslur á íbúðalóðir austan Ásbrautar eru sameinaðar og fækkar þeim þannig úr tíu í sjö. Dregur það bæði úr slysahættu og bætir nýtingu bílastæða innan lóða. Örlítið er sneitt af lóðum Ásbrautar 3-21 til að koma fyrir mjórri gangstétt á bæjarlandi. Með breyttu lóðarfyrirkomulagi fjölgar heildarbílastæðum inni á lóðum nokkuð. Deiliskipulagið tryggir gangstígatengingu við öll hús götunnar og þar með góðar tengingar milli húsa, gatna, hverfa, sveitarfélaga og útivistarsvæða. Ásýnd götunnar verður grænni og vistlegri. Engar breytingar eru á núverandi byggingarmagni íbúðarrýmis innan skipulagssvæðisins. En skilgreindur er byggingarreitur fyrir bílskúra/bílskýli við Ásbraut 3-5 og 11-13.

Ásbraut styttist í norður og endar við innkeyrslu á bílastæði Ásbrautar 1 og 1 A. Handan botns götunnar, austan megin, verður sameiginleg inn- og útkeyrsla að fjölbýlishúsalóðum 3-5 og 7-9. Með endurnýjun og breyttu innra fyrirkomulagi bílastæða innan lóða gefst möguleiki á uppsetningu hleðslustöðva fyrir rafbíla. Lóðarhafar hafi samsráð við sveitarfélag varðandi staðsetningu og uppsetningu hleðslustöðva.

### Byggðarþróun og gatnakerfi.
Á skipulagsuppdráttum Kópavogskaupstaðar frá 6. og 7. áratug 20. aldar og loftmyndum frá sama tíma sést að upphaflega tengdist Ásbraut Kársnesbraut. Samfara breikkun Hafnarfjarðarvegar á árunum 1965-1970 eru gerð mislæg gatnamót við Kársnesbraut og afrein Hafnarfjarðarvegar kemur í stað neðsta hússins sem gert hafði verið ráð fyrir á Ásbraut. Ásbraut verður þá að botngötu sem endar í bílastæði Ásbrautar 3-5. Gildandi lóðarmörk Ásbrautar 3-5 og 7-9 eru sýnd á mæliblaði 03.142.1 frá 2016 með kvöð um graftrarrétt í eldra vegstæði götunnar. Samfara aukinni bílaeign þróast bílastæði á lóðum Ásbrautar. Gatnamótum Hraunbrautar og Ásbrautar var lokað árið 2020 og Hraunbraut einnig gerð að botngötu.

Samfara auknum umhverfisáherslum í skipulagi, viðleitni til að draga úr aukningu bílaumferðar, þéttingu byggðar, aukinni samvinnu um skipulag á höfuðborgarsvæðinu og tækniframförum í gerð ýmissa örfarartækja hefur hjólaumferð um Ásbraut aukist. Með gerð stofnstígs milli sveitarfélaga er gert ráð fyrir að hjólaumferð um skipulagssvæðið aukist enn frekar. Til að koma fyrir öruggum hjóla- og gönguleiðum er óhjákvæmilegt að taka gatnarými og fyrirkomulag bílastæða við Ásbraut til endurskoðunar.

Sjá frh. skipulagsgreinargerðar á skýringaruppdrætti.







Úr Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040, ekki í mælikvarða.
Staðsetning skipulagssvæðis:

## Skipulagsskýringar

- deiliskipulagsmörk
- byggingar — skv. landupplýsingakerfi Kópavogs við staðfestingu skipulags
- bílskúrar og bílageymslur — skv. landupplýsingakerfi og aðaluppdráttum
- byggingarreitur — bundin byggingarlína heildregin, punktalína er óbundin
- lóðir og lóðarmörk — skv. teiknigrunni Kópavogs 2023; óbreytt lóðarmörk; ný lóðarmörk; aflögð lóðarmörk
- kvöð um akstur og athafnapláss veitufyrirtækja
- kvöð um lagnir og graftarrétt
- almenn akbraut
- gangstétt / göngustígur / blandaður stígur — þar sem samkv. íslenskum umferðarlögum má hjóla á gangstéttum
- hjólastígur / hjólrein — einstefna eða tvístefna eins og örvar sýna
- græn svæði / útivistarsvæði til sérstakra nota — þ.m.t. gróðurbeð, gegndræpt yfirborð, hellulögn, landmótun
- akfær göngustígur / sérstakar hraðatakmarkanir — yfirborð og þveranir gangandi og hjólandi skilgreinist við gatnahönnun
- ekið og bakkað yfir gangstétt og stíga — að og frá samþykktum bílastæðum á lóðum, hornrétt á götu
- inn- og útkeyrsla — að og frá bílastæðum / bílageymslum á lóðum
- bílastæði á lóðum og í göturými — skv. hönnun, loftmyndum, mæliblöðum eða aðaluppdráttum
- möguleg rafhleðslustæði — leiðbeinandi, nánar ákveðið við verk- og lóðahönnun
- götukantur
- niðurtekinn götukantur
- Hljóðveggur / hljóðvarnir
- leyfðar akstursstefnur (leiðbeinandi)
- bekkir, tré og annar gróður í göturými — leiðbeinandi, nánar ákveðið við landslags-, umferðar- og gatnahönnun
- yfirborðsmerkingar, umferðarforgangur og lýsing — leiðbeinandi, nánar ákveðið við umferðar- og gatnahönnun
- 1m hæðarlínur skv. landupplýsingakerfi Kópavogs



**Snið S1,** 1:100



**Skýringarmynd.** Kópavogskaupstaður, Tillaga að staðsetningu íbúðarblokka við Hafnarfjarðarveg. Teiknistofa Skipulagsins, maí 1960. (Hluti.)
Heimild: Teikningasafn Skipulagsstofnunar. Höfundur óþekktur.

**Ferill skipulagsgerðar og formleg málsmeðferð**
Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 7. júlí 2025 var f.h. umhverfissviðs Kópavogsbæjar lögð fram tillaga Orra Gunnarssonar skipulagsfræðings hjá VSÓ Ráðgjöf að deiliskipulagi Ásbrautar. Skipulagsráð samþykkti með tilvísun í 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa framlagða tillögu og vísaði málinu til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar. Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar Kópavogs samþykkti þann 17. júlí 2025 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi Ásbrautar.

Auglýsing birtist í Morgunblaðinu og í Kópavogspóstinum. Tillagan var jafnframt auglýst á vefsíðu Kópavogsbæjar. Tillagan var auglýst í Skipulagsgátt frá 31. ágúst 2025 með athugasemdafresti til 18. september 2025. Athugasemdir og ábendingar bárust. Á fundi skipulagsráðs 6. október 2025 var lítillega lagfærð tillaga lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsdeildar um framkomnar athugasemdir. Skipulagsráð samþykkti tillöguna og vísaði til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

## Samþykkt og staðfesting

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. var auglýst frá 31. ágúst til 18. september 2025 og var samþykkt

í skipulagsráði Kópavogs þann ________________________ 2025

og í bæjarstjórn Kópavogs þann ________________________ 2025.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt

í B-deild Stjórnartíðinda þann ________________________ 2025.

**Skipulagsgögn:**
Skipulagsuppdráttur og greinargerð á tveimur A1 blöðum.
Stafrænt deiliskipulag á Shapefile sniði.

**Kortagrunnar:**
Skipulagssvæði og nágrenni:
*Landupplýsingakerfi Kópavogs SHAPE gögn september 2022*

**Hnitakerfi: ISN93** **Kvarði: 1:500 (A1)**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 3 | 1.10.2025 | Uppfærð skipulagstillaga til skipulagsráðs eftir auglýsingu | lagt f. skipulagsr. |
| 2 | 20.6.2025 | Deiliskipulagstillaga til skipulagsráðs, auglýst skipulagstillaga | lagt f. skipulagsr. |
| 1 | 30.4.2025 | Vinnslutillaga til forkynningar | drög að skipulagi |
| Útg. | Dags. | Tilefni | Staða |

VSÓ RÁÐGJÖF

Teikning: Ásbraut deiliskipulag 1 af 2 — Dagsetning: 1.10.2025

Skipulag: OG — Yfirfarið: RÞÞ

Kópavogsbær

S:\2023\23512\t_SS\Teikniblöð\23512 Ásbraut deiliskipulag_251001.vwx

Skjal sótt af '000000000' dags: 20.08 2026